

Páll Bragason
Daltúni
320 Reykholt



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. apríl 2017
UST201704-079/B.S.
10.05.07

Efni: Hitaveitulögn - Reykholt – Daltún. Umsögn

Vísað er til bréfs Páls Bragasonar dags. 10. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.


Um er að ræða lagningu hitaveitulagnar um Reykjadalssá í Borgarfirði milli Breiðagerðis og Vilmundarstaða. Ráðgert er að grafa rör í farveg árinna og draga hitaveitulögnina í rörið.


Reykjadalsá er hluti svæðis nr. 204 á náttúruminjaskrá, **Reykjadalsá ásamt nálægum hverum og Rauðsgil**. Verndargildi árinna er talið vera eftirfarandi: „*Reykjadalsá er lygn, gróðurmikil á sem helst auð að vetrinum.....Svígðamyndun árinna er óvenju falleg. Við Reykjadalssá eru vertarstöðvar andfugla.*“

Umsögn

Eins og framkvæmdinni er lýst í erindinu telur Umhverfisstofnun litlar líkur á því að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi Reykjadalssár ef vandað verður til jarðvinnu og frágangs við bakka árinna. Þar sem gróska er mikil á svæðinu ættu ummerki um framkvæmdina að hverfa fljótt. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda framkvæmd.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri